



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

*Sent inn í samráðsgátt
Stjórnarráðsins.*

Reykjavík, 28. febrúar 2020.

Efni: Drög að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum á málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna einföldunar regluverks og stjórnsýslu.

Tilv. 202002-0017

Vísað er til ofangreinds máls frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem birt var í samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 14. febrúar sl. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

Bændasamtökin telja jákvætt að farið hafi verið í einföldun á sviði regluverks á sviði landbúnaðar og matvæla og að felld verði brott lög og reglugerðir sem ekki eiga við, nefndum fækkað og stjórnsýsla einfölduð þar sem það er raunhæft. Hins vegar þarf að gæta þess að þar undir falli ekki reglur og kerfi sem enn þjónar mikilvægum tilgangi, á meðan nýrra og skilvirkara kerfi hefur ekki verið komið upp.

I

Bændasamtökin gera alvarlegar athugasemdir við að lögbundið kerfi um gæðamat á æðardúni verði felld brott í heild. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu (um 16. gr. á bls. 14) segir að slíkt sé til þess fallið að létta álögum af atvinnugreininni og skapa aukin tækifæri til framþróunar. Þar er einnig vísað til fleiri röksemda fyrir því að kerfið skuli afnumið. Þær lýsingar og staðhæfingar sem þar koma fram benda til vanþekkingar á atvinnugreininni og þeirri staðreynd að stoðum verður kippt undan búgreininni ef frumvarpið verður óbreytt að lögum. Gæðavottun íslensks æðardúns er haldreipið í útflutningi á æðardúni og hefur haft gríðarlegt vægi frá því að því var komið á fót 1970. Bændasamtökin vísa um þetta að öðru leyti til umsagnar Æðarræktarfélags Íslands um frumvarpið og leggja gegn tillögu um að felld verði úr gildi núgildandi lög um gæðamat á æðardúni nr. 52/2005. Bændasamtökin telja hins vegar mikilvægt að endurskoða kerfið, fara yfir feril gæðamats og vottunar uppfæra það með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

II

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að afnema lög nr. 57/1990 um flokkun og mat á gærum og ull, þar með verði lagðar niður ullatmats- og gærumatsnefndir. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu (um 16. gr. á bls. 13) segir að ekki sé þörf á ullarmatsnefnd til að úrskurða um ágreining á ullarmati. Vísað er til þess að sláturleyfishöfum og þeim sem vinna úr gæru og ull hafi fækkað mikið frá því að lögin voru sett. Lögin séu úrelt og því í höndum framleiðanda að tryggja gæði framleiðslunnar, án atbeina hins opinbera. Það fallast Bændasamtökin ekki á og benda á að aðilum sem vinna úr ullinni hefur fjölgað síðustu ár. Minni spunaverksmiðjur hafa



verið settar á laggirnar en sú þróun kallar enn frekar á samræmt ullarmat. Þau rök að aðeins sé einn vinnsluaðili ullar eiga því ekki við. Þá þarf að skoða sérstaklega hvernig á að leysa ágreining sem getur komið upp um ullarmat, sem er vandamál sem hverfur ekki þó svo að ullarmatsnefnd verði lögð niður. Með vísan til þess telja samtökin ótímabært að fella lögin brott í heild sinni og leggja til að kerfið verði endurskoðað og mótað með hvaða hætti ullarviðskipti fara fram. Varðandi þann hluta sem snýr að gærum gera samtökin ekki athugasemdir við að sá hluti laganna, sem og sá sem snýr að gærumatsnefnd, falli brott. Að öðru leyti vísa samtökin til og taka undir umsögn frá ÍSTEX hf.

III


Í 10. gr. er afnumin skylda til að eyrnamarka lömb. Samtökin gera ekki athugasemdir við að sú skylda falli niður en telja eðlilegt að reglugerði um merkingar búfjár nr. 916/2012 kveði á um að merkja skulu lömb í bæði eyru séu þau ekki mörkuð. Lagt er til að sett verði ákvæði í 9. gr. reglugerðar um merkingu búfjár á þá leið að séu lömb ekki mörkuð skuli merkja þau með forprentuðu merki í bæði eyru innan 30 daga frá fæðingu.

IV

Varðandi 9. gr. er snýr að breyttu fyrirkomulagi um gildistöku fjallskilasamþykktar ítreka Bændasamtökin mikilvægi þess að stjórnir fjallskilaumdæma leiti umsagnar eða atbeina samtakanna áður en lokaákvörðun um breytingar á fjallskilasamþykktum er tekin.

Að öðru leyti vísa Bændasamtökin til tillagna og ábendinga til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna einföldunar regluverks frá 30. október 2019 (hjálagt með þessari umsögn) en þar voru sett fram helstu áherslur og sjónarmið Bændasamtakanna og ásamt tillögum frá hverri búgrein fyrir sig.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir